

# Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar

Ferðakostnaður landsbyggðarliðs



# Staðan í dag

- Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar, er rekstrarfélag utan um meistaraflokk karla og kvenna sem og 2. flokk karla.
- Félagið flýgur samtals 12 ferðir sumarið 2014. Flugferðin með rútu fyrir sunnan kostar hálf milljón. Flugkostnaður er því 6 milljónir.
- Félagið fer 9 rútuferðir norður. Hver ferð kostar 200.000. Rútukostnaður er því 1,8 milljónir.
- Samtals ferðakostnaður er því 7,8 milljónir.

# Ýmsar staðreyndir

- Mfl.karla leikur í 2.deild og fær ekki að leika 2 leiki í ferð líkt og við gerðum í 3.deild 2013.
- Mfl.kvenna spilar tvo leiki í ferð í sumar til að spara ferðakostnað.
- 2. flokkur karla spilar tvo leiki í ferð í sumar til að spara ferðakostnað.
- Er það sanngjarnt að lið af landsbyggðinni séu að leika 2 daga í röð um helgi til þess að spara.
- Kemur það ekki augljóslega niður á árangri?

# Hvað skal gera?

- Fá KSÍ í lið með okkur til að stuðla að ferðajöfnuði í landsdeildum meistaraflokka.
- Ákveðinn áfangi náðist á ársþingi KSÍ í febrúar þar sem samþykkt var að stofna starfshóp um jöfnun ferðakostnaðar meistaraflokka.
- Þarf ekki að kosta sambandið mikla peninga.
- Kæmi knattspyrnunni í landinu til góða til lengri tíma litið.

# Hvernig?

- Þegar búið er að raða í deildir á vorin þá er einfaldlega fundinn út eðlilegur ferðakostnaður meirihluta liðanna.
- Tökum dæmi. 2.deild karla árið 2014. Hana skipa 6 lið af suðvesturhorninu, 3 lið af Norðurlandi, 2 lið af Austurlandi og Sindri frá Hornafirði.
- Eðlilegur ferðakostnaður sunnanliðs væri 2 flugferðir austur samtals 1 milljón og 4 rútuferðir samtals 800.000. Ferðakostnaður því 1,8 milljón.

## 2.deild karla

- 1,8 milljónir væri því viðmiðið fyrir 2.deild karla sumarið 2014 og þau lið sem hefðu meiri kostnað leggðu fram reikninga fyrir því eftir að deildarkeppni er lokið.
- Í tilfalli Fjarðabyggðar og Hugins væri kostnaðurinn 6 flugferðir samtals 3 milljónir, 4 rútuferðir samtals 800.000. Heildarkostnaður því 3,8 milljónir – 1,8 milljónir = 2 milljónir á hvort lið.
- Norðanliðin færu 9 rútuferðir samtals 1,8 milljón.
- Sindri færi 11 ferðir samtals 2,2 milljónir.
- Ferðajöfnuði væri því náð í með 4,3 milljónum.

# Aðrar deildir

- Í Pepsi deild karla og kvenna eru ÍBV og Þór. Eðlilegur kostnaður hinna 10 liðanna væri þá í kringum hálf milljón. Rútuferð norður og til Eyja. Kostnaður Þórs væri 2,2 milljónir í hvorri deild og jöfnuður næst því með  $1,7 \text{ milljón} \times 2 = 3,4 \text{ milljónir}$ . Gerum ráð fyrir að ÍBV sé með helming þess kostnaðar eða 1,7 milljón til að ná jöfnuði.
- Jöfnuður í þessum 2 deildum því 5,1 milljón.

# Kostnaður

- Ferðajöfnuði í hinum fjórum landsdeildum meistaraflokks væri hægt að ná með um 5 milljónum á deild.
- Pepsideildirnar tvær 5 milljónir. Hinar deildirnar fjórar 20 milljónir. Ferðajöfnuður = 25 milljónir.
- Í samanburði má þess geta að fyrir nokkrum árum tók KSÍ yfir allan dómarakostnað sem létti verulega undir hjá félögunum.
- Dómarakostnaður var 101 milljón 2013.
- Ferðajöfnuði meistaraflokka mætti ná með 1/4 af dómarakostnaði.



# Takk fyrir

